

ISLANDAIS

Fyrir notkun

a) Áður en stiginn er notaður skal þess gætt að líkamlegt ástand leyfi það. Sjúkdómar eða lyfjanotkun, ofneysla áfengis eða eiturlýfja geta skapað hættuástand;

b) Þegar stiginn er fluttur á toppgrind fólksbils eða í flutningabíl, skal tryggt að honum sé komið þannig fyrir að hann geti ekki valdið skaða;

c) skoðið stigan vel við afhendingu og áður en hann er notaður í fyrsta sinn, athugið að hann sé í fullkomnu ástandi og að allir hlutar hans virki rétt;

d) skoðið stigan fyrir hverja notkun, að hann sé ekki dældaður og sé öruggur í notkun;

e) regluleg skoðun er nauðsynleg fyrir þá sem nota stigan í atvinnuskyni;

f) verið viss um að stiginn henti verkinu sem vinna skal;

g) notið ekki skemmdan stiga;

h) hreinsið stigan vel, blauta málningu, aur, olíu eða snjó;

i) fyrir notkun í atvinnuskyni skal þess gætt að stiginn standist öryggiskröfur landsins sem hann skal nota í;

Uppsetning og staða stigans

a) Stiginn skal ávallt nota í rétttri stellingu, til dæmis í réttum halla (um 1.4), rimar eða þrjú skulu vera samsíða fyrir stiga sem hallast upp að vegg og tvöföld trappa skal vera algveg opin;

b) læsing sem fylgir sumum stigum, skal ávallt vera fulllæst;

c) stiginn þarf að hvíla á láréttu, sléttu og stöðugu yfirborði;

d) stigi upp að vegg þarf að standa á styrku yfirborði og gott er að stöðja við hann fyrir notkun, til dæmis með festingum eða öðrum búnaði sem tryggir jafnvægi;

e) stigan skal aldrei færa til meðan staðið er í honum;

f) þegar stiganur er komið fyrir, skal taka ytri aðstæður með í reikninginn, til dæmis hvort gangandi vegfarendur, ökutæki eða hurð geti rekist í hann. Tryggið allar hurðir og glugga á vinnusvæðinu, ef mögulegt er;

g) verið á verði gagnvart hættu vegna rafmagns, til dæmis loftlína eða annarra óvarinna víra;

h) stiginn skal standa í fæturnar, ekki hvíla á rim eða þrepi;

i) stiginn má ekki setja á hált yfirborð (til dæmis ís, glansandi gólf eða mjög skitugt yfirborð) nema sérstakar varúðarráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í vegg fyrir að hann renni til eða þess gætt að skitug svæði hafi verið hreinsuð nægilega;

Notkun stigans

a) Farið ekki yfir leyfileg þyngdarmörk fyrir stigan sem notaður er;

b) reynið ekki að ná til of fjarlægs punkts; notandi skal ávallt hafa mjaðmir milli stanganna tveggja og báða fætur á sömu rim/þrepi allan verktímann;

c) farið ekki niður úr mjög háum stiga án sérstakra öryggisráðstafana (til dæmis er notandi bundinn eða tilheyrandi búnaður tryggir stöðugleika stigans);

d) notið ekki tvöfalda tröppu til að komast upp á efri pall;

e) standið ekki í þremur efstu rimum/þrepum stiga upp að vegg;

f) standið ekki í tveimur efstu rimum/þrepum tvöfaldrar tröppu án palls eða grindar sem nær að höndum/hnjám;

g) standið ekki í fjórum efstu rimum/þrepum í tvöfaldrar tröppu með framlengingu á rennu;

h) notið stigana eingöngu í smærri verk og fljótunnin;

i) notið stiga sem ekki leiða rafmagn þegar unnið er við rafmagnslagnir;

j) notið stigan ekki við óviðunandi veðuráðstæður (mikið rok til dæmis);

k) gerið viðeigandi ráðstafanir til varnar því að börn leiki sér í stiganum;

l) tryggjið hurðir (en ekki neyðarútganga) og glugga á vinnusvæðinu, ef mögulegt er;

m) snúið að stiganum þegar farið er upp og niður hann;

n) haldið þétt í stigan þegar farið er upp og niður hann;

o) notið stigan aldrei sem brú;

p) verið í viðeigandi skóm þegar stiginn er notaður;

q) varist mikil hliðarátök til dæmis þegar borað er í múrstein eða steypu;

r) verið ekki of lengi í stiganum án þess að taka hlé frá vinnu (þreyta er áhættuþáttur);

s) til að komast á efri pall þarf veggstigin að ná a.m.k. einum metra yfir hæðina sem á að fara upp í;

t) búnaður sem notaður er í stiganum þarf að vera léttur og auðveldur í notkun;

u) forðist verk sem valda hliðarátaki í tvöföldum tröppum, til dæmis að bora í hart efni (múrstein, steypu o.s.frv.)

v) haldið með annarri hendi í stigan við vinnu eða gerið aðrar varúðarráðstafanir, sé það illmögulegt;

Viðgerðir, viðhald og geymsla

Viðhald og viðgerðir skal fela hæfum aðila og vinna samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

Stiginn skal geyma samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.